

## 2. Fundur Minjaráðs Norðurlands vestra 11.9.2019 – Villa Nova, Sauðárkróki

Á dagskrá fundarins var annars vegar að tilnefna einstakling, stofnun eða fyrirtæki til Minjaverndarviðurkenningar Minjastofnunar Íslands en aðalverkefni fundarins var að ræða stöðu mála í verndun og varðveislu menningarminja (menningararfs) á Íslandi sem hluta af stefnumótunarvinnu í málaflokknum sem stýrt er af Minjastofnun Íslands.

Fundur var settur kl. 13:00.

Fundinn sátu auk minjavarðar Guðmundar St. Sigurðarsonar, minjaráðfulltrúarnir: Berglind Þorsteinsdóttir, safnstjóri Byggðasafns Skagfirðinga; Bragi Skúlason smiður á Sauðárkróki; Magnús Björnsson bóndi á Syðri-Hóli og varaoddviti í Skagabyggð; og Ingibergur Guðmundsson starfsmaður Uppbyggingarsjóðs SSNV á Skagaströnd. Gestur á fundinum var Ásta Hermannsdóttir sem hefur starfað hjá Minjastofnun í Reykjavík undanfarin ár en er nú flutt á Sauðárkrók og er með skrifstofu í Villa Nova.

Að lokinni umræðu um Minjaverndarviðurkenningu kynnti Ásta stefnumótunarvinnuna fyrir minjaráðsfulltrúum, aðdraganda hennar og næstu skref. Stefnan er unnin á grundvelli ákvæðis í lögum um menningarminjar frá 2012 (nr. 80/2012, 7. gr.), þar sem Minjastofnun er falið að veita verkefninu forystu í nánú samráði við höfuðsöfn sem eru skilgreind í safnalögum, svo og önnur helstu söfn og stofnanir sem vinna að varðveislu menningarminja. Sérstakur stýrihópur leiðir verkefnið með aðstoð ráðgjafa frá Capacent.

Fyrsta skrefið í þessari vinnu er stöðumat sem felur í sér viðtöl við einstaklinga, netkönnun, og rýnifundi með ólíkum hópum sem tengjast viðfangsefninu. Minjaráðin eru lykilhópur í þessu ferli og verða athugasemdir og ábendingar frá þeim teknar inn í stöðumatið.

Á fundinum voru minjaráðsfulltrúar beðnir um að skrifa hjá sér hugmyndir að úrbótum í málaflokknum og svo var farið hringinn og þessir punktar teknir til umræðu.

Flestar athugasemdirnar sneru að eftirfarandi:

- **Skortur á yfirsýn** – Nauðsyn þess að fá betri yfirsýn yfir minjar í landinu til að auðvelda forgangsriðun til verndar og varðveislu – til þess þarf að **ljúka skráningu menningarminja** í landinu.
- **Þekking að tapast** – Mikilvægt er að viðhalda þekkingu á gömlu handverki. Bæði sjálfs sín vegna og ekki síður til viðhalds á menningararfinum, s.s. torf- og grjóthleðslu, viðgerðum gamalla húsa, textílvinnu o.fl.
- **Skortur á fjármagni** – Til að hægt sé að gera nauðsynlegar úrbætur þarf aukið fjármagn inn í málaflokkinn, bæði í rekstur safna og stofnana en einnig í rannsóknarsjóði og aðra sjóði.
- **Þörf á vitundarvakningu almennings og ráðamanna** – auka aðkomu almennings að verndun menningarminja og vekja ráðamenn til vitundar um nauðsyn varðveislu hans og þörf á fjármagni.

Fleiri gagnlegir og áhugaverðir punktar um afmarkaðra efni voru einnig ræddir og mun allar þessar ábendingar skila sér inn í áframhaldandi vinnu við stefnuna.

Fundi var slitið kl. 15:30